

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Fundinn sitja Klara Þórhallsdóttir (sem ritar fundargerð) og Auður Jörundsdóttir frá KÍM

1. Aukaúthlutun myndlistarráðs vegna Covid19 skipulögð

Alls bárust 413 umsóknir frá 387 aðilum. Sumir umsækjendur sóttu um tvisvar fyrir mismunandi verkefnum. Allar umsóknir sóttar í umsóknarkerfinu og settar í eitt skjal sem verkefnastjóri KÍM mun senda á myndlistarráð. Myndlistarráð mun fara yfir umsóknirnar og að viku liðinni mun ráðið koma saman á ný og fara yfir umsóknirnar og endanlega meta hverjir hljóta styrk. Nöfn þeirra sem hljóta styrk verða opinber á heimasíðu myndlistarsjóðs eins og áður.

2. Samningur KÍM og Myndlistarráðs endurskoðaður

Engar athugasemdir gerðar við samninginn sem lagður var fyrir á fundi 16. mars sl. og hann samþykktur.

3. Önnur mál

Upplýsingar um þær breytingar sem átti að gera á umsóknarforminu voru ræddar og mun verkefnastjóri skoða það nánar.

Rætt var um að kynna þyrfti betur og merkja staðsetningu myndlistarsjóðs hér í Gimli þar sem Kynningarmiðstöðin er til húsa.

Rætt var um hússnæði Myndlistarsjóða og Kynningarmiðstöðvar, hvort það væri hagstæðara að flytjast yfir á efri hæð SÍM húsnæðis í Hafnarstræti sem stendur miðstöðinni til boða. En leiguverðið þar er hærra en í Gimli og húsnæðið stærra en þörf þykir á.